

## **SKILMÁLAR UM AFNOT OG ÞJÓNUSTU Á MERKURPOS HUGBÚNAÐI**

Hér fara á eftir almennir skilmálar um viðskipti Merkurlceland ehf (6901070230) og viðskiptavina Merkurlceland ehf hins vegar. Þeir gilda um öll viðskipti Merkurlceland ehf við viðskiptavini félagsins. Skilmálarnir fela að jafnaði í sér heildarsamning aðilanna um viðskiptin. Ósk um að stofna til viðskipta við Merkurlceland ehf geta viðskiptavinir beint til félagsins munnlega (þ.á.m. í síma), eða með tölvupósti eftir því um hvaða vöru eða þjónustu er að ræða.

### **1.0 Hugbúnaðurinn**

**1.1** Um er að ræða afnot (e. license) á MerkurPOS hugbúnaði í eigu seljanda (hér eftir nefndur "hugbúnaðurinn"). Ekki er um eignarrétt að ræða af hálfu kaupanda.

### **2.0 Skyldur kaupanda**

**2.1** Kaupandi skuldbindur sig til þess að greiða á gjalddaga mánaðarlega afnotagjald fyrir afnot af hugbúnaðnum skv gildandi verðskrá hverju sinni.

**2.2** Kaupandi greiðir sérstaklega, skv. gildandi verðskrá hverju sinni, fyrir allar viðbætur og breytingar á hugbúnaðinum sem eru ekki innifaldar í almennum uppfærslum.

### **3.0 Skyldur seljanda**

**3.1** Seljandi skuldbindur sig til þess að veita kaupanda afnot og uppfærslur af hugbúnaðinum á meðan samningur þessi er í gildi.

**3.2** Seljandi veitir kaupanda endurgjaldslausu símaþjónustu á auglýstum skrifstofutíma. Fyrstu 20 mínútur fyrir aðstoð í gegnum fjarbúnað eru gjaldfrjálssar á skrifstofutíma, verkefni sem taka lengri tíma í fjarvinnslu eru gjaldfærð skv gildandi verðskrá hverju sinni. Öll vinna framkvæmd utan auglýsts skrifstofutíma er einnig gjaldfærð skv gildandi verðskrá hverju sinni.

**3.3** Starfsmenn seljanda skulu gæta skilyrðislausrar þagnarskyldu varðandi málefni kaupanda í sambandi við þjónustu þá er fjallað er um í samningi þessum.

### **4.0 Þjónusta og uppfærsla**

**4.1** Kaupandi fær allar uppfærðar útgáfur hugbúnaðarins endurgjaldslaust en greiðir fyrir vinnu við uppsetningu á uppfærslunni.

**4.2** Seljandi áskilur sér rétt á vali þeirra starfsmanna sem munu vinna við þjónustu í þágu kaupanda.

**4.3** Ferða- og upphaldskostnaður starfsmanna seljanda vegna verkefna tengdum kaupanda utan höfuðborgarsvæðisins er á kostnað kaupanda nema um það sér sérstaklega samið.

### **5.0 Mánaðargjald**

**5.1** Kaupandi skuldbindur sig til þess að greiða skv gildandi gjaldskrá hverju sinni mánaðarlega fyrir afnot, þjónustu og uppfærslu á hugbúnaðinum.

**5.2** Mánaðargjald tekur mið af vísitölu neysliverðs og breytist til samræmis við breytingu á henni árlega.

**5.3** Verð fyrir aðra þjónustu sem fellur ekki undir skilmála þessa fer eftir gildandi gjaldskrá seljanda hverju sinni og skal staðgreidd. Athugasemdir vegna útgefna reikninga skulu berast seljanda innan 30 daga frá útgáfudegi. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga.

### **7.0 Vanskil**

**7.1** Vari vanskil á greiðslu á mánaðargjaldi lengur en 30 daga frá gjalddaga kröfu áskilur seljandi sér rétt til að loka fyrir aðgang kaupanda að hugbúnaðinum fyrirvaralaust. Seljandi ber ekki ábyrgð á neinu tjóni eða afleiddu tjóni sem kann að hljóta af því að aðgengi kaupanda að hugbúnaði sé lokað í kjölfar vanskila.

**7.2** Vari vanskil á reikningi seljanda til kaupanda vegna annars en mánaðargjalds, t.d. vinnu við sérlausnir eða viðbætur (ekki tæmandi talning), lengur en 30 daga frá gjalddaga kröfu, áskilur seljandi sér rétt til þess að loka fyrir aðgang að hugbúnaðinum í heild sinni fyrirvaralaust. Seljandi ber ekki ábyrgð á neinu tjóni eða afleiddu tjóni sem kann að hljóta af því að aðgengi kaupanda að hugbúnaði sé lokað í kjölfar vanskila.

**7.3** Framangreind úrræði koma til viðbótar við önnur almenn innheimtuúrræði seljanda.

## **8.0 Ábyrgð og ábyrgðartakmarkanir**

**8.1** Þar sem hugbúnaðurinn er ætlaður til notkunar í atvinnustarfssemi kaupanda er ábyrgðartími 12 mánuðir. Sé um neytendakaup að ræða, gilda reglur um lausafjárkaup nr 50/2000 um ábyrgðartíma að teknu tilliti til ofangreinds.

**8.2** Strangar takmarkanir eru á afritun hugbúnaðarins á milli véla og er það einungis leyfilegt með aðstoð tæknimanns seljanda.

**8.3** Óbeint og afleitt tjón sem hugsanlega stafar af notkun hugbúnaðarins eða vegna galla í hugbúnaðinum er ekki á ábyrgð seljanda. Eftir uppsetningu hugbúnaðarins ber seljandi ekki ábyrgð á honum eða tjóna sem hann getur valdið.

**8.4** Ábyrgð á hugbúnaði nær ekki til vinnu ef óskað er eftir viðgerð utan auglýsts afgreiðslutíma. Ábyrgð nær ekki til aukakostnaðar, t.d. aksturs og ferðakostnaðar eða ef óskað er eftir viðgerð utan verkstæðis seljanda.

**8.5** Ábyrgð nær ekki til kostnaðar sem hlýst af breytingum annarra en starfsmanna seljanda á vélbúnaði eða uppsetningu/stillinga stýrikerfis og hugbúnaðar. Ábyrgð nær ekki til endurheimtar gagna eða enduruppsetningar á hugbúnaði.

notendahugbúnaðar.

**8.6** Seljandi ber ekki ábyrgð á afleiddu tjóni, sem kann að koma upp við notkun hugbúnaðarins. Seljandi ber ekki ábyrgð á þeim vélbúnaði sem hugbúnaðurinn er settur upp á eða öðrum ótengdum hugbúnaði á vélbúnaði. Seljandi ber ekki ábyrgð á rekstrartapi kaupanda eða öðru afleiddu tjóni hans, þ.m.t. glötuðum ágóða eða ráðgerðum sparnaði, sem rekja má til galla, skemmda eða eyðileggingar á hugbúnaðinum eða til annara ástæðna. Ef setja þarf inn stýrikerfi eftir viðgerð á vélbúnaði skal það gert samkvæmt staðli kaupanda um grunnuppsetningu stýrikerfis.

## **9.0 Almenn ákvæði**

**9.1** Skilmálar þessir taka gildi við greiðslu á uppsetningu og/eða notkun á hugbúnaðurinn og gildir í þrjú ár. Hafi kaupandi ekki sagt upp samningi þessum með þriggja mánaðar uppsagnarfresti fyrir lok gildistímans framlengist hann og gildir áfram með þriggja mánaða gagnkvæmum uppsagnarfresti. Uppsögn skal vera skrifleg og send gagnaðila með sannanlegum hætti. Upphaf uppsagnarfrestsins skal vera sama dag og hún er send af stað til gagnaðila með framangreindum hætti.

**9.2** Mál sem kunna að rísa vegna skilmála þessa skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur

**9.3** Kaupandi samþykkir framangreint með notkun á hugbúnaðinum.